



Alþingi  
Erindi nr. P 125/1287  
komudagur 28.3.2000

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis

Reykjavík, 23. mars 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 7. mars s.l., sent lífeyrissjóðnum til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Stjórn Lífeyrissjóðsins Framsýnar sendir hér með Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis umsögn sína um þær greinar frumvarpsins sem hún telur að betur megi fara:

**1. grein:**

Það vekur athygli að gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi ekki heimild til að samþykkja breytingar á samþykktum lífeyrissjóða nema að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingarnar. Telja verður eðlilegt að fjármálaráðherra ákveði sjálfur hvort umsagnar sé þörf í hverju tilfalli fyrir sig. Breytingar á samþykktum geta verið margbreytilegar og oft á engan hátt tengdar þáttum sem falla að verksviði Fjármálaeftirlitsins.

**3. grein:**

Sú breyting á 5. mgr. 31. greinar gildandi laga sem hér er lagt til að verði gerð er óþarfa sparðatíningur. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra sem hún telur hæfan til að gegna starfinu.

**4. grein:**

Lagt er til að 33. grein orðist svo "Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins.". Annað í 4. grein er óþarft.

**5. grein:**


Stjórn sjóðsins getur ekki sinnt því hlutverki sínu að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma nema henni sé veitt meira svigrúm til ákvörðunar um hversu hátt hlutfall af verðbréfasafni sjóðsins sé í hlutabréfum og í erlendum gjaldmiðlum. Þetta svigrúm þarf að vera rúmt ef besti árangur á að nást. Lagt er til að svigrúmið verði aukið frá því sem nú er. Heimild til að fjárfesta í hlutabréfum verði aukin úr 35% í 60% af hreinni eign sjóðsins og í erlendum gjaldmiðlum úr 40% í 60%.

**6. grein:**

Lagt er til að 37. grein orðist svo: “Stjórn lífeyrissjóðs setur sér fjárfestingastefnu sem byggir á ætluðum bestu fjárfestingakostum á erlendum sem innlendum fjármagnsmarkaði innan þeirra marka sem 36. grein laganna heimilar.” Þegar liðinn tíð í rekstri lífeyrissjóðanna er skoðuð verður ekki séð að neitt réttlæti þá þróun sem stefnir í með sífellt auknu eftirliti með rekstri þeirra. Eftirlitslaust eftirlit hefur tilhneigingu til að bólgna að umfangi og kostnaði. Kostnaðurinn er greiddur af fé lífeyrissjóðanna að stórum hluta. Það er á valdi löggjafans að hafa eftirlit með þessari þróun mála og koma böndum á hana.

Virðingarfyllst

f.h.. Stjórnar Lífeyrissjóðsins Framsýnar



Karl Benediktsson

Famkvæmdastjóri